

Sigrún Helgadóttir

Skýrsla orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands
Flutt á aðalfundi 12. Febrúar 2009

Nefndin hélt 12 fundi á árinu 2008. Nefndin hittist í funarherbergi Viðskiptaráðs þegar Örn Kaldalóns er á landinu. Á fundum nefndarinnar er eins og áður fjallað um fyrirspurnir sem berast og tveir gestir hafa setið fundi með nefndinni, þeir Arnaldur Axfjörð sem fjallar um rafræn viðskipti og Tryggvi Björgvinsson sem er fulltrúi þeirra sem þýða stýrikerfið Ubuntu. Einnig reynir nefndin að finna heiti fyrir nýjungar sem skjóta upp kollinum með sívaxandi hraða.

Nefndin á enn þá inni hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi hluta af hagnaði af sölu *Tölvuorðasafnsins*. Nefndin greiddi prentkostnað bókarinnar og fær því hluta af söluhagnaði. Ákveðið hefur verið að nýta hluta af þeim fjármunum til þess að endurbæta vefkerfi *Tölvuorðasafnsins*. Viðar Mátsson mun vinna að því á næstunni að laga kerfið þannig að unnt verði að bæta við efni. Nefndin mun vinna úr því efni sem orðið hefur til síðan 4. útgáfa *Tölvuorðasafnsins* kom út og gera það aðgengilegt í uppflattikerfi orðasafnsins. Ráðgert er að setja orðalista með um 200 orðum á www.sky.is til kynningar fljótlega undir „Nýtt frá orðanefnd“. Ráðgert er að reyna að koma meira efni á vef félagsins ef tími vinnst til. Nefndin bindur einnig vonir við að í þessari umferð takist að koma táknheitunum til birtingar á vefnum.

Í gær, 11. febrúar, birtist í Morgunblaðinu pistill um orð eftir Baldur Jónsson, málfræðing og prófessor emeritus, sem er í orðanefndinni. Þar lagði hann fram tillögu um ný heiti á **Facebook** og sögninni **to google**. Pistilinn má lesa á www.sky.is.